

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 28. október 2013
1310034 IE


Efni: Umsögn um frv. til laga um tekjuaðgerðir fjárlagafrumvarps 2014 (tekjuskattur, virðisaukaskattur, skattar á fjármálafyrirtæki o.fl.), 2. mál, þskj. 2.

Með tölvubréfi dags. 9. október 2013 barst Jafnréttisstofu beiðni frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um umsögn um frv. til laga um tekjuaðgerðir fjárlagafrumvarps 2014 (tekjuskattur, virðisaukaskattur, skattar á fjármálafyrirtæki o.fl.), 2. mál, þskj. 2. Jafnréttisstofa hefur ekki haft tæk á að fara ítarlega yfir alla liði frumvarpsins en telur þó ástæðu til eftirfarandi almennra athugasemda, sbr. einnig umsögn um 3. mál, þskj. 3, dags. 28. október 2013.

Jafnréttisstofa leggur áherslu á að allir liðir sem breytingar eru lagðar til á verði skoðaðir með það fyrir augum hvort áhrif fyrirhugaðra breytinga komi með ólíkum hætti við konur og karla. Í samræmi við kenningar um kynjaða fjárlagagerð og hagstjórn er nauðsynlegt að slík greining fari fram til þess að ljóst sé að sameiginlegum fjármunum sé ráðstafan þannig að þeir nýtist sem best fyrir alla og að kynjm sé ekki mismunað. Sama á við um álögur, þ.e. skattar og gjöld eiga ekki að gera stöðu kynjanna ójafnari, heldur ætti fremur gera breytingar, þar sem að á við, til að gera stöðu kynjanna jafnari. Slíkt er enda í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisstofa bendir til fróðleiks á bæklinginn *Kynjakrónur*, sjá hér: http://www.jafnretti.is/D10/Files/Kynjakronur_bokin.pdf

Sé óskað frekari upplýsinga þá veitir undirrituð þær fúslega.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur